

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 67/2008

frá 6. júní 2008

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2008 frá 1. febrúar 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/804/EB frá 6. desember 2007 um breytingu á ákvörðun 2002/627/EB um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 5ci (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„– **32007 D 0804**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/804/EB frá 6. desember 2007 (Stjtíð. ESB L 323, 8.12.2007, bls. 43).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2007/804/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 323, 8.12.2007, bls. 43.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Alan Seatter*

formaður.